

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 12. maí 2021

Mál nr. S-799/2020:

Lögrelustjórinn á Suðurlandi

(Þórdís Ólöf Viðarsdóttir, fulltrúi lögrelustjórans á Suðurlandi)

gegn

X

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 14. apríl sl., er höfðað með ákæru lögrelustjórans á Suðurlandi dagsettri þann 14. desember 2020, á hendur X

„ I. fyrir líkamsárásir

með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 7. desember 2019, á bifreiðastæði við veitingastaðinn [...] Hveragerði, veist að A, og slegið hana í andlit þannig að hún féll í jörðina og örskömmu síðar elt hana á hlaupum yfir nærliggjandi umferðargötu, gripið þar í yfirhöfn hennar og kýlt hana í andlit þannig að hún féll aftur í jörðina; allt framangreint með þeim afleiðingum að hún hlaut bólgur, roða og eymsli yfir báðum kinnbeinum.

Teljast brot ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. fyrir hótanir

með því að hafa, í kjölfar þeirrar atburðarásar sem greinir í ákærulið I og á sömu stund og stað og þar greinir, í bræðiskasti hótað A, lífláti, sem var til þess fallið að vekja hjá henni ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð.

Telst brot ákærða varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu er gerð krafa af A, um að ákærða verði gert að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 1.295.203 með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. desember 2019 þar til 30 dagar eru liðnir frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa málskostnað að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.“

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og verði hún skilorðsbundin. Þá krefst ákærði þess að skaðabótakröfu brotþola verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði sýknaður af henni. Til þrautavara er þess krafist að bótakrafan verði lækkuð verulega. Þá krefst ákærði málsvarnarlauna til handa verjanda sínum sem verði greidd úr ríkissjóði.

Málavextir

Laugardaginn 7. desember 2019 kl. 02:29 barst lögreglu tilkynning um slagsmál fyrir utan [...] í Hveragerði og var talið að ákærði hefði ráðist á A brotþola í máli þessu. Þegar lögreglumenn komu á vettvang var ákærði kominn heim til sín, en lögreglumenn ræddu við brotþola og nokkur önnur vitni á vettvangi. Haft var eftir brotþola að hún hafi verið [...] og þegar loka hafi átt staðnum hafi hún farið út. Hafi hún séð æstan strák fyrir utan og spurt hann af hverju hann væri svona pirraður. Hafi hann þá sagt að hann væri ekkert pirraður út í hana en í kjölfarið hafi hann kýlt hana með krepptum hnefa ítrekað í andlitið með þeim afleiðingum að hún hafi dottið. Hún hafi staðið upp og ákveðið að taka mynd af stráknum sem hún kvað heita X. Hafi hann þá veist að henni og kýlt hana ítrekað í andlitið. Hún hafi þá hlaupið inn í Securitas bifreið og beðið ökumanninn um að læsa bifreiðinni. Þá hafi þessi X komið, opnað afturhurðina en ekki komist inn þar sem hann hafi verið dreginn í burtu. Hafi hann þá kallað til hennar að ef hún kærði hann kæmi hann heim til hennar og dræpi hana.

Haft var eftir B, eiginkonu ákærða, að hún hafi ekki orðið vitni að atvikinu en þegar hún hafi náð að ræða við ákærða hafi hann sagt að konan sem hann hafi átt að hafa ráðist á hafi verið búin að vera með stæla við hann allt kvöldið, hafi hún ögrað honum og ýtt í hann. B kvaðst hafa farið til ákærða og reynt að róa hann en þá hafi hann ýtt henni frá sér og hafi hún dottið við það. Hún kvað þetta vera ólíkt honum.

Haft var eftir C að hún hafi séð ákærða og einhverja konu liggja í jörðinni og slást. Eftir þetta hafi ákærði hrint B harkalega í jörðina þegar hún hafi verið að reyna að ræða við hann. Í lögregluskýrslu segir að C hafi verið sjáanlega ölvuð.

Haft var eftir D að hann hafi verið við eftirlit í Hveragerði þegar hann hafi verið beðinn um að hringja í Neyðarlínuna. Hafi þá kona komið inn í bifreiðina og beðið hann um að læsa í flýti. Hafi þá komið strákur, barið bifreiðina að utan en hann hafi verið dreginn í burtu. Hann kvaðst hafa heyrt strákinn segjast ætla að drepa konuna.

Haft var eftir E að ákærði hafi barið brotþola í andlitið með hálflokuðum hnefa. Hann hafi síðan séð á eftir þeim og hafi ákærði barið brotþola ítrekað. Hann hafi þá gefið Securitas bifreið merki um að stöðva og hafi hann beðið ökumanninn um að hringja í Neyðarlínuna. Hann kvaðst hafa ætlað að ræða við ákærða en hann hafi þá barið hann í bakið og hafi E dottið í jörðina við höggið. Þegar hann hafi staðið upp hafi hann séð ákærða hlaupa á eftir brotþola sem hafi verið að fara inn í Securitas bifreiðina. Hann hafi síðan séð ákærða lemja konuna sína og ganga síðan í burtu.

Haft var eftir F að hann hafi ætlað að ræða við ákærða en hann hafi verið mjög æstur og ýtt við sér. Hann kvaðst hafa heyrt ákærða segja við brotþola að ef hún kærði hann myndi hann drepa hana.

Í máli þessu liggja fyrir upptökur af símtölum til Neyðarlínu. Þessum símtölum er lýst með þeim hætti í lögregluskýrslu að kl. 02:29 hafi brotþoli hringt í Neyðarlínu og sagt að maður hefði ráðist á hana og barið hana niður í snjóinn og hafi hún í lok símtalsins heyrst kalla: „læsiði.“ Heyra megir að hún sé í uppnámi og grátandi. Kl. 02:30 hafi vitnið D hringt og sagt að slagsmál væru í gangi og væri óskað eftir lögreglu á staðinn. Hafi heyrst að kvenmannsrödd sagði: „læsiði“ og í beinu framhaldi karlmannsrödd sem sagt hafi „þú þarna ég er að tala við þig.“ Þá heyrst í karlmannsrödd sem segi: „drullaðu þér út þarna auminginn þinn. Ef þú kærir þá drulla ég yfir þig. Ég fokking myrði þig.“

Í lögregluskýrslu segir að brotþoli hafi verið með sjáanlega áverka í andliti, bæði á hægri og vinstra kinnbeini. Þá liggur fyrir læknisvottorð undirritað af G, yfirlækni bráðamóttöku HSU á Selfossi, dagsett 29. desember 2019, en þar kemur fram að brotþoli hafi verið róleg og mjög kurteis. Hún hafi verið bólgin og rauð yfir báðum kinnbeinum en mun bólgnari hægri megin. Talsverð eymsli þar yfir og meira hægri megin. Önnur áverkamerki hafi ekki verið til staðar.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi verið [...] umrætt kvöld og hafi brotþoli verið að fara í glös hans og annarra á staðnum og verið með almenn leiðindi. Þarna inni hafi verið H, E og C. Þau hafi farið út að reykja þegar loka átti staðnum og brotþoli hafi haldið áfram fúkyrðum gagnvart ákærða sem hafi m.a. snúið að nýlátinni ömmu ákærða. Hafi hann boðið E í eftirpartí og sagt að brotþoli mætti ekki koma og sagt við hana að hann styddi ekki framhjáhald á sínu heimili, en hann kvaðst hafa staðið í þeirri trú að brotþoli og E hafi ætlað að sofa saman, en þau hafi verið búin að spjalla

saman inni á veitingastaðnum. Hafi hún brugðist illa við því og kýlt ákærða í magann. Kvað ákærði ósjálfráð viðbrögð sín hafa verið að slá hana utan undir á vinstri kinn með opnum lófa hægri handar. Hún hafi fallið á jörðina, staðið upp og tekið mynd af honum. Hann hafi ekki verið sáttur við það og reynt að ná símanum af henni. Þau hafi hlaupið hring um planið, brotaþoli hafi hrasað í mölinni og hafi ákærði snúið við og séð að kona hans hafi verið lögð af stað áleiðis heim. Hann hafi gengið í átt til hennar en þá hafi brotaþoli komið hlaupandi á eftir ákærða og slegið hann aftan í hnakkann. Hafi ákærði við það dottið fram fyrir sig, borið fyrir sig hendur og við það hafi hann farið úr hægri axlarlið. Hann hafi náð að koma hendinni í liðinn, rokið á fætur, snúið sér við, gripið í fatnað brotaþola og snúið hana niður. Við það hafi þau rúllað í stutta stund á jörðinni en síðan hafi þau staðið upp, en engin högg hafi gengið milli þeirra þá. Brotaþoli hafi síðan hlaupið inn í Securitas bifreið með E og hafi ákærði farið á eftir, náð að opna hurðina, en verið dreginn í burtu. Hann hafi síðan farið heim með konu sinni. Hann kannaðist ekki við að hafa átt orðaskipti við brotaþola við bifreiðina. Hún hafi verið mjög æst og í geðshræringu og þá hafi hún virst vera drukkin. Hann kvaðst ekki hafa átt upptökin að átökunum. Hann kvaðst hafa verið rólegur fyrir utan [...] en orðið æstur eftir átökin við brotaþola. Hann kvaðst hafa verið búinn að drekka 10 bjóra. Hann kannaðist við að hafa látið einhver orð falla í hita leiksins gagnvart E en taldi ekki að um hótanir gagnvart brotaþola hafi verið að ræða. Hann mundi þó ekki hvað hann sagði. Hann kannaðist ekki við að brotaþoli hefði verið með hálsmen. Hann rengdi ekki að það væri hann sem heyrðist á upptöku Neyðarlínunnar en kannaðist ekki við að hann hefði talað um að myrða einhvern.

Brotaþoli skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi verið [...] hvort hún hafi gert honum eitthvað. Hafi hann sagt að hún hafi ekki gert honum neitt en í kjölfarið hafi hún fengið högg frá honum með þeim afleiðingum að hún hafi dottið. Hafi höggið lent í andlit hennar hægra megin. Hún taldi að hann hefði veitt höggið með krepptum hnefa. Hafi E orgað á hann að hann ætti ekki að berja konur. Hún kvaðst hafa gengið í burtu og hringt í 112 en skellt á og tekið þá ákvörðun að taka mynd af ákærða. Hann hafi þá hlaupið á eftir henni og náð að fella hana og látið högginn dynja á höfði hennar. Við þetta hafi hálsmen hennar slitnað af henni. Hún kvaðst hafa legið á grúfu til þess að verja andlitið. Ákærði hafi verið dreginn í burtu af einhverjum stórum og miklum strák og E. Hún kvaðst hafa hlaupið inn í Securitas bifreið þar sem hún hafi ekki vitað á hverju hún hafi átt von frá þessum manni vegna hótana frá honum. Hafi ákærði sagt að ef hún kærði

myndi hann koma heim til hennar og drepa hana. Hún kvað E eftir þetta hafa sest inn í bifreiðina og setið við hlið hennar og þá hafi ákærði ítrekað morðhótun sína. Brotapoli kvaðst þetta kvöld hafa drukkið einn bjór og einn kokkteil og ekki fundið til áfengisáhrifa. Hún kvaðst engin samskipti hafa átt við ákærða eða aðra sem tengdust honum inni á veitingastaðnum. Hún kvað þetta atvik hafa haft mikil áhrif á líf sitt, hún finni fyrir óöryggi og stressi og mikilli vanlíðan. Hún kannaðist ekki við að hafa drukkið úr glösum annarra inni á veitingastaðnum og þá kannaðist hún ekki við að hafa verið í nánnum samskiptum við E þar. Þá kannaðist hún ekki við að hafa leitað eftir því að komast í samkvæmi hjá ákærða. Hún neitaði því að hafa slegið ákærða í magann eða hafa veist að honum með nokkrum hætti. Hún kvaðst hafa tekið hótanir ákærða alvarlega, enda hefði hann verið búinn að kýla hana að ástæðulausu.

Vitnið D skýrði svo frá fyrir dómi að hann væri öryggisvörður hjá Securitas og hefði verið beðinn um að hringja á lögreglu þar sem hann hefði verið staddur í bifreið fyrir framan Ölverk. Hafi maður verið að ráðast á konu þar en tveir eða þrír menn hefðu reynt að fara á milli. Hefði kona komið inn í bifreiðina farþegamegin og sagt að ráðist hefði verið á hana, en vitnið hafi þá verið í sambandi við Neyðarlínuna. Þá hefði sá sem ráðist hefði á konuna komið, lamið á rúðu bifreiðarinnar og reynt að draga konuna út. Konan hefði verið grátandi, hrædd og í miklu uppnámi. Maðurinn hefði kallað þvílíkum orðum á konuna og hefði vitnið því leyft konunni að vera inni í bifreiðinni þangað til lögreglan kom. Hann mundi að maðurinn hafi hótað að drepa konuna, en hún hafi þá verið inni í bifreiðinni. Hann kvaðst hafa gert ráð fyrir því að orðum mannsins væri beint að konunni, enda hafi bara hún og vitnið verið inni í bifreiðinni á þessum tímapunkti. Hann kvað manninn hafa verið reiðan og í brjálæðiskasti.

Vitnið F skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi verið að skemmta sér [...] ásamt ákærða og fleirum og eftir lokun hafi þau farið út. Þá hafi fólk verið á leið í partí til ákærða. Hann kvaðst hafa séð ákærða krjúpa yfir brotapola og lemja hana í andlitið með kreptum hnefanum. Eftir það hafi E komið og náð að yfirbuga ákærða. Vitnið kvaðst hafa athugað hvort brotapoli væri í lagi og hafi hann reynt að róa hana. Hún hafi hringt í lögregluna og þá hafi hann séð Securitas bifreið koma að. Hafi brotapoli komist í skjól inni í bifreiðinni og hafi ákærði eitthvað róast. Þá kvaðst vitnið hafa gert þau mistök að fara til ákærða sem hafi þá espast upp og aðspurður hvers vegna ákærði hefði verið að þessu hefði hann sagt að brotapoli væri djöfulsins tók. Þá hafi ákærði rokið að bifreiðinni, rifið upp afturhurðina þar sem brotapoli sat og kvaðst vitnið hafa náð að loka hurðinni.

Þá hafi ákærði hlaupið að hurðinni hinum megin og rifið hana upp. Vitnið kvaðst aftur hafa hlaupið fyrir ákærða sem þá hafi hótað brotþola að hann myndi drepa hana ef hún kærði eða segði frá. Aðeins brotþoli hafi verið inni í bifreiðinni ásamt D og hefði orðum ákærða verið beint að brotþola. Ákærði hafi eftir þetta labbað heim á leið og hafi hann virst pirraður og verið að hrinda konunni sinni. Vitnið kvað hafa verið reynt að róa brotþola niður og hafi dóttir hennar komið á vettvang. Vitnið kvaðst vera kunningi ákærða, en hann kvaðst ekki þekkja brotþola. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið var við nein samskipti ákærða og brotþola inni á veitingastaðnum og þá kvaðst hann ekki hafa séð hana slá ákærða þar. Vitnið kvaðst hafa verið búinn að drekka 5-6 bjóra og hafi hann fundið til áfengisáhrifa. Ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, en hann hélt að brotþoli hefði ekki verið búin að drekka mikið.

Vitnið C skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi verið vel undir áhrifum áfengis og hefði það áhrif á minni hennar. Hún hafi verið að ganga út úr [...] ásamt ákærða og fleirum þegar talað hafi verið um að fara í partí heim til ákærða og konu hans. Þarna hafi verið kona sem hafi viljað koma í partíuð en þau hafi ekki viljað það. Konan hafi ráðist aftan að ákærða og byrjað að rífa í hann og hafi ákærði síðan ýtt henni frá með hendinni. Síðan hafi einhverjir legið á jörðinni en hún mundi ekki hverjir það voru. Hún kvað konuna hafa verið komna inn í Securitas bifreið og þá hafi einhverjir legið ofan á ákærða. Hún kvaðst hafa litið inn í bifreiðina og hafi brotþoli verið grátandi þar. Hún kvaðst vera vinkona ákærða og konu hans en hún kvaðst ekkert þekkja brotþola. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við samskipti milli ákærða og brotþola inni á veitingastaðnum og þá kannaðist hún ekki við að brotþoli hefði verið að drekka drykki annarra inni á veitingastaðnum. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við að brotþoli hefði gert sér dælt við E þar.

Vitnið E skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi verið staddur [...] ásamt ákærða og fleirum. Þar hafi hann hitt brotþola og þegar staðnum hafi verið lokað hafi ákærði boðið í partí og hafi brotþoli spurt hvers vegna ákærði væri svona æstur. Hafi ákærði þá slegið hana með flötum lófa í andlitið að því er vitnið taldi og hafi hún lent í snjóskafli. Hafi brotþola brugðið við þetta og hafi hún farið að gráta. Hann mundi ekki eftir að hafa séð áflog milli ákærða og brotþola eftir þetta en hann og ákærði hafi hrint hvorum öðrum. Hann kvaðst hafa róað ákærða en brotþoli hafi staðið upp og hlaupið í áttina að Ölverki. Hafi ákærði farið á eftir henni og hafi vitnið og fleiri stöðvað Securitas bifreið og hafi brotþoli farið inn í hana. Hafi ákærði reynt að fara inn í bifreiðina og hafi tekist

að koma í veg fyrir það og hafi bílstjórinn læst hurðunum. Hann mundi ekki eftir orðaskiptum milli ákærða og brotþola en þau hafi bæði öskrað og hafi brotþoli verið mjög hrædd. Hann kvaðst hafa sest inn í bifreiðina við hlið brotþola og hafi hann spurt hana hvort ekki væri allt í lagi. Hafi kona ákærða róað hann og hafi þau síðan farið heim. Vitnið kvaðst fyrr um kvöldið hafa talað við brotþola, en hann hafi ekki talað við hana fyrir utan skemmtistaðinn. Hann kvaðst ekki muna eftir því að hafa séð hana þá tala við ákærða eða eiginkonu hans. Vitnið kvað þá ákærða hafa þekkt í nokkur ár og hafi þeir á þessum tíma verið félagar, en nú væru engin samskipti milli þeirra. Vitnið kvaðst ekki þekkja brotþola. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við átök milli ákærða og brotþola inni á veitingastaðnum. Hann kannaðist ekki við að hafa verið stíga í vænginn við brotþola. Hann kannaðist ekki við að ákærði hefði sagt við hann að hann liði ekkert framhjáald á heimili sínu. Hann mundi ekki eftir því að hafa orðið vitni að neinum hótunum.

Vitnið B, eiginkona ákærða, skoraðist ekki undan vitnisburði og skýrði svo frá fyrir dómi að þau hafi öll verið ölvuð en eftir að þau fóru út af staðnum hafi hún aldrei séð neitt athugasvert í gangi fyrr en hún hafi heyrt kallað að ákærði væri að lemja einhvern en hún hafi ekki séð það. Hafi ákærði legið í götunni og brotþoli hlaupið í burtu. Hafi ákærði verið kominn úr axlarlið, en það hafi verið vegna gamalla meiðsla frá 2016. Hún hafi rætt við hann og hafi hann sagt að hann hefði ekki lamið neinn. Hafi brotþoli hringt á lögreglu og í því hafi Securitas bifreiðin komið og hafi brotþoli hlaupið inn í hana. Hafi ákærði þá hlaupið á eftir bifreiðinni, tekið í hurðina og viljað tala við brotþola, en hún hafi alls ekki viljað tala við hann. Ákærði hafi einnig reynt að tala við E, en hann hafi heldur ekki viljað tala við hann. Hún hafi dregið ákærða í burtu og hafi þau síðan farið heim. Hún kvað ákærða ekki hafa lamið sig, hann hafi aðeins ýtt við henni og hafi hún ekkert meitt sig. Hún kvaðst ekki hafa orðið vitni að neinum átökum milli ákærða og brotþola inni á veitingastaðnum. Hún kvaðst hafa séð að E og brotþoli voru að draga sig saman inni á veitingastaðnum. Hún kvaðst ekki hafa heyrt ákærða segja að hann myndi ekki líða neitt framhjáald í sínum húsum. Hún kvað brotþola hafa verið sjáanlega ölvaða en hún kvaðst ekki hafa haft samskipti við hana á veitingastaðnum. Hún kvað brotþola hafa verið að taka drykki annarra og hafi ákærði gert athugasemd við það við hana. Hún kvað ákærða ekki vanan að leggja hendur á fólk. Hún kvaðst ekki hafa heyrt ákærða hóta brotþola. Hún kvað sig og ákærða hafa verið ölvuð.

Vitnið H skýrði svo frá fyrir dómi að eftir lokun [...] hafi hann verið að tala við F og hafi ákærði orðið reiður þegar brotþoli hafi spurt hann af hverju hann væri svona æstur og hvort hann væri á einhverju. Hafi hópurinn færst yfir á Ölverk og hafi hann séð ákærða slá til brotþola. Hann kvaðst hafa þá reglu að horfa í hina áttina þegar eitthvert vesen byrjar og vilji hann þá helst koma sér í burtu. Hann kvaðst því ekki hafa séð slagsmálin milli ákærða og brotþola nema að ákærði sló hendinni með opnum lófa í áttina að brotþola. Hann kvaðst ekki hafa séð hvar höndin lenti. Hann kvaðst ekki hafa séð önnur högg fara á milli. Einhverjar hrindingar hafi verið milli ákærða og E. Brotþoli hafi farið inn í Securitas bifreið og hafi ákærði farið á eftir henni. Hann kvaðst ekki hafa skipt sér af þessu en hann hafi þó áður hafa reynt að róa ákærða niður með því að setjast ofan á hann. Hann kvaðst ekki hafa heyrt hvað ákærða og brotþola fór á milli í bifreiðinni, en hann hafi staðið aðeins frá. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við einhver samskipti milli ákærða og brotþola inni á veitingastaðnum, ágreiningurinn hafi ekki byrjað fyrr en út var komið. Hann kvaðst hafa þekkt ákærða lengi, en þeir hafi lítið hist eftir þetta. Hann kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, en ekki miklum. Hann gat ekki staðfest að brotþoli hafi verið að drekka úr glösum annarra og þá kvað hann hana og E ekki hafa verið að draga sig saman.

Vitnið I skýrði svo frá í símaskýrslu fyrir dómi að hún hafi verið í samskiptum við brotþola að morgni eftir umrætt atvik. Hún hafi hringt í sig og spurt hana hver ákærði væri. Hún kvað brotþola hafa sagt að hún hefði kýlt ákærða í magann fyrir utan veitingastaðinn og hann hefði hrint henni frá sér. Hún hafi einnig sagt að ákærði hefði lamið sig. Vitnið kvaðst ekki hafa verið á vettvangi.

Lögreglumaður nr. 1840 skýrði svo frá fyrir dómi að borist hafi tilkynning um slagsmál og hafi verið farið að heimili ákærða. Hann hafi rætt við eiginkonu ákærða og Evu vinkonu hennar. Hann kvaðst hafa rætt við brotþola sem hafi verið í miklu uppnámi. Þá kannaðist hann við að hafa tekið myndir af áverkum brotþola í lögreglubifreiðinni.

Lögreglumaður nr. 1935, áður H1440 skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi farið að heimili ákærða og rætt þar við Evu og eiginkonu ákærða. Eftir það hafi verið farið á vettvang og rætt við vitni og brotþola. Hún hafi verið sjáanlega ölvuð en ekki ofurölvi. Þá hafi hún verið grátandi og með sjáanlega áverka á andliti.

Lögreglumaður nr. 1733 skýrði svo frá fyrir dómi að borist hafi tilkynning um líkamsárás og hafi verið farið að heimili ákærða og rætt við hann inni í lögreglubifreiðinni. Hann hafi sjáanlega verið undir áhrifum og ýmist æstur eða rólegur.

G læknir staðfesti vottorð sitt í símaskýrslu fyrir dómi. Hann kvað áverka brotaþola samsvara frásögn hennar af atvikum.

Niðurstöður

Ákærða er í máli þessu gefið að sök að hafa veist að brotaþola, slegið hana í andlit þannig að hún féll í jörðina, elt hana, gripið í yfirhöfn hennar og kýlt hana í andlit eins og nánar er rakið í ákæruskjali og með þeim afleiðingum er þar greinir. Þá er honum einnig gefið að sök að hafa í kjölfarið hótad brotaþola lífláti, sem hafi verið til þess fallið að vekja hjá henni ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð.

Ákærði neitar sök en kannast við að hafa slegið brotaþola utan undir með opnum lófa eftir hún hafi kýlt hann í magann. Að sögn ákærða hafi brotaþoli eftir það slegið hann í hnakkann og í kjölfarið hafi hann gripið í fatnað hennar og snúið hana niður og hafi þau rúllað eftir jörðinni. Ákærði kvað að við það tækifæri hefðu engin högg gengið milli þeirra. Þá neitar ákærði því að hafa hótad brotaþola lífláti. Ákærði kvað brotaþola hafa átt upptökin, hún hafi verið að drekka úr glösum hans og annarra á veitingastaðnum og verið með almenn leiðindi. Hafi hann sagt að brotaþoli mætti ekki koma í samkvæmi á heimili hans og sagt við hana að hann styddi ekki framhjáhald á sínu heimili, en hann kvaðst hafa staðið í þeirri trú að brotaþoli og E hafi ætlað að sofa saman.

Brotaþoli kvað ákærða hafa verið æstan og þegar hún hafi spurt hann um ástæðu þess hafi hann slegið hana með krepptum hnefa í andlitið. Hún hafi þá gengið í burtu en ákærði hafi þá hlaupið á eftir henni, náð að fella hana og látið högginn dynja á höfði hennar. Eftir þetta hafi brotaþoli hlaupið inn í Securitas bifreið þar sem hún hafi ekki vitað á hverju hún hafi átt von frá þessum manni vegna hótana frá honum. Hafi ákærði sagt að ef hún kærði myndi hann koma heim til hennar og drepa hana. Brotaþoli kannaðist ekki við að hafa drukkið úr glösum annarra inni á veitingastaðnum og þá kannaðist hún ekki við að hafa verið í nánnum samskiptum við E þar. Hún kannaðist ekki við að hafa leitað eftir því að komast í samkvæmi hjá ákærða og þá neitaði hún því að hafa slegið ákærða í magann eða hafa veist að honum með nokkrum hætti.

Vitnið D kvað ákærða hafa hótad að drepa brotaþola þegar hún var komin inn í Securitas bifreiðina, en hún hafi verið grátandi, hrædd og í miklu uppnámi. Hann gerði ráð fyrir því að orðum ákærða væri beint að brotaþola, enda hafi bara hún og vitnið verið inni í bifreiðinni á þessum tímapikti. Hann kvað ákærða hafa verið reiðan og í brjálæðiskasti.

Vitnið F kvaðst hafa séð ákærða krjúpa yfir brotþola og lemja hana í andlitið með krepptum hnefanum. Hafi ákærði reynt að komast að brotþola þegar hún hafi verið komin inn í Securitas bifreiðina en vitnið hafi náð að koma í veg fyrir það. Ákærði hafi hótad að drepa brotþola ef hún kærði eða segði frá. Hafi aðeins brotþoli ásamt D verið inni í bifreiðinni og hefði orðum ákærða verið beint að brotþola. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við nein samskipti ákærða og brotþola inni á veitingastaðnum og þá kvaðst hann ekki hafa séð hana slá ákærða þar.

Vitnið C kvað brotþola hafa viljað koma í partíð en þau hafi ekki viljað það. Hafi brotþoli ráðist aftan að ákærða og byrjað að rífa í hann og hafi ákærði síðan ýtt henni frá með hendinni. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við samskipti ákærða og brotþola inni á veitingastaðnum og þá varð hún ekki vör við samskipti brotþola og E. Vitnið kvaðst hafa verið vel undir áhrifum áfengis og í lögregluskýrslu er því lýst að hún hafi verið sjáanlega ölvuð. Verður að meta framburð vitnisins með hliðsjón af þessu ástandi þess.

Vitnið E kvað ákærða hafa slegið brotþola með flötum lófa í andlitið en hann mundi ekki eftir því að hafa séð áflog milli ákærða og brotþola eftir þetta. Ákærði hafi reynt að fara inn í bifreiðina og hafi tekist að koma í veg fyrir það. Hann mundi ekki eftir orðaskiptum milli ákærða og brotþola en þau hafi bæði öskrað og hafi brotþoli verið mjög hrædd. Hann kvaðst ekki hafa verið að stíga í vænginn við brotþola.

Vitnið H kvaðst hafa séð ákærða slá brotþola en hann hafi ekki fylgst með atburðarásinni eftir það. Hann kvaðst ekki hafa heyrt hótanir ákærða í garð brotþola og þá varð hann hvorki var við samskipti ákærða og brotþola inni á veitingastaðnum né að brotþoli og E væru að draga sig saman.

Meðal gagna málsins er áverkavottorð brotþola sem G læknir hefur staðfest fyrir dómi og kvað hann áverka brotþola samsvara frásögn hennar af atvikum. Þá liggja fyrir myndir af andliti brotþola sem lögreglan tók skömmu eftir atvik málsins.

Með trúverðugum framburði vitna sem rakinn hefur verið hér að framan er nægilega sannað að ákærði hafi veitt brotþola þá áverka sem lýst er í ákæru. Þá sýna myndir sem teknar voru af brotþola glöggð hvernig brotþoli var útleikin af hálfu ákærða. Ekkert er fram komið í máli þessu með trúverðugum hætti sem sýnir fram á það að brotþoli hafi átt upptökin að því að ákærði veittist að henni og verður ekki betur séð en að atлага hans gagnvart henni hafi verið algjörlega tilefnislaus. Er þessi háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Í máli þessu liggur fyrir upptaka af símtali vitnisins D við Neyðarlínu og hefur ákærði ekki rengt að það sé hann sem heyrir á upptökunni. Þegar hlustað er gaumgæfilega á upptökuna fer ekkert á milli mála að ákærði lætur þau orð falla sem rakin eru í ákæru og þá er nægilega sannað að þeim hafi verið beint að brotþola. Þessi háttsemi ákærða er sömuleiðis rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Sakaferill ákærða skiptir ekki máli við ákvörðun refsingar hans. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Bótakrafa brotþola er sundurliðuð með þeim hætti að krafist er miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga að fjárhæð 700.000 krónur. Þá er krafist bóta vegna hálsmens, 95.203 króna og 500.000 króna vegna málskostnaðar. Bótakrafan er þannig rökstudd að ákærði hafi af ásetningi gerst sekur um ólögmdæta meingerð gegn friði, persónu, líkama og heilsu brotþola þegar hann hafi án nokkurs tilefnis ráðist á hana. Hafi ásetningur hans verið einbeittur, sérstaklega í ljósi þess að hann hafi ekki látið af háttsemi sinni eftir fyrstu atlögu að brotþola og bæði elt hana og hóttað lífi hennar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir annarra til að róa hann og halda honum frá henni. Slík tilefnislaus árás sé til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður andlegu tjóni og geti það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Með þeim brotum sem ákærði hefur verið fundinn sekur um hefur hann felld á sig miskabótaábyrgð samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja miskabætur til brotþola hæfilega ákveðnar 300.000 krónur og bera þær vexti eins og í dómsorði greinir. Ósannað er að ákærði beri ábyrgð á glötuðu hálsmeni brotþola og verður þeim lið kröfu hennar því vísað frá dómi.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, 1.000.000 króna að meðtöldum virðisaukaskatti, auk ferðakostnaðar lögmannsins, 27.360 krónur. Þá verður ákærða gert að greiða þóknun lögmannna brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 353.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk ferðakostnaðar lögmannsins, 12.540 krónur og Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 141.360 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 60 daga en fullnustu refsingarinnar skal frestað og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði A 300.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. desember 2019 til 13. febrúar 2021, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Kröfu brotaþola vegna hálsmens er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, 1.000.000 króna að meðtöldum virðisaukaskatti, auk ferðakostnaðar lögmannsins, 27.360 krónur. Þá greiði ákærði þóknun lögmannna brotaþola, þeira Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 353.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk ferðakostnaðar lögmannsins, 12.540 krónur og Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 141.360 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson